

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 523/2009,  
fyrir Watanabe styrktarsjóð við Háskóla Íslands.**

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. orðist svo:

Stofnframlag sjóðsins er sem hér segir:

Framlag Watanabe US\$ 3.000.000 (kr. 278.040.000 m.v. gengi US\$ 92,68 þann 16. september 2008).

Tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

Vextir og arður af eignum sjóðsins/vaxtatekjur af stofnfé.

Fé, gjafir og annað verðmæti sem sjóðnum kann að áskotnast eða safnast í nafni sjóðsins.

Stjórn sjóðsins annast ávöxtun sjóðsins.

Frá og með áramótum 2013/2014 verður heimilt að úthluta styrkjum sem nemur allt að 180.000 US\$. frá þeim tíma verður það fé sem er laust til úthlutunar aukið um 60.000 US\$ við hver áramót. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda Styrktarsjóða Háskóla Íslands og þeir birtir með sama hætti og aðrir reikningar í vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

5. gr. orðist svo:

Fyrsta úthlutun fer fram hið minnsta einu reikningsári eftir stofnun, enda liggi fyrir endurskoðuð reikningsskil og upplýsingar um laust fé til úthlutunar styrkja. Að jafnaði tilkynnir rektor Háskóla Íslands styrki við hátíðlega athöfn. Stjórn getur ákveðið í ljósi ávöxtunar eða annarra aðstæðna að safna saman leyfilegri úthlutun milli reikningsára og úthluta í einu lagi lausum hlut samkvæmt reikningsskilum.

Úthluta skal úr sjóðnum árlega eða sjaldnar eftir því sem sjóðstjórn finnst tilefni til, en ekki má úthluta meira en því fé sem er laust til úthlutunar endurskoðuðum ársreikningi hans.

Styrkþegar skulu skila skýrslu til stjórnar um framkvæmd og niðurstöður rannsókna. Slík skil eru forsenda frekari styrkveitinga.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Watanabe styrktarsjóðinn, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 20. apríl 2015,*

**Björn Hrafinkelsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*